

Nr. 243

4. mars 2015

AUGLÝSING um skipulagsmál í Kjósarhreppi.

Deiliskipulagsbreyting fyrir Stapagljúfur úr landi Morastaða.

Í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkti hreppsnefnd Kjósarhrepps þann 5. febrúar 2015 deiliskipulagsbreytingu í landi Morastaða. Breytingin felur í sér að deiliskipulagi frá 2007 sem gerði ráð fyrir fjórum lóðum fyrir íbúðarhús hefur nú verið breytt þannig að nú verður um eina lóð að ræða fyrir íbúðarhús og tvö útihús.

Deiliskipulagið hefur hlutið meðferð skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vegna ósamræmis dagsetninga í samþykkt á deiliskipulagsbreytingu í fyrrí auglýsingu er til-lagan auglýst að nýju.

Auglýsing nr. 131 frá 10. febrúar 2015 fellur úr gildi.

Kjósarhreppi, 4. mars 2015.

Jón Eiríkur Guðmundsson, byggingar- og skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 6. mars 2015